

Starfsáætlun Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2021

BE1 – Ecumenical course

Námskeið á vegum European fellowship um samkirkjulegmálefni átti að fara fram í London 15.-18. janúar 2021 var frestað.

Janúarnámskeið

Leiðtoganámskeið með áherslu á sjálfstyrkingu, hinsegin fræðslu og hugvekjugerð fór fram þann 13. janúar. Námskeiðið mæltist vel fyrir og var skráning mjög góð. Sr. Guðrún Karls Helgudóttir flutti fyrirlestur um hugleiðingagerð, þær María og Ingileif hjá Hinseginleikanum fjölluðu um það að vera hinsegin unglingur og Beggi Ólafs fjallaði um Tíu skref – í átt að innihaldsríku lífi. Námskeiðið fór fram á Zoom og var frítt fyrir alla þátttakendur.

Aðalfundur European Fellowship

Aðalfundur EF fór fram þann 20. Febrúar á Zoom. Fulltrúar ÆSKP voru að þessu sinni Jónína Sif, Berglind, Anna Lilja og Aldís.

Aðalfundur ÆSKP

Fundurinn fer fram 3. mars í Neskirkju. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf. Kosið verður um formann og gjaldkera til tveggja ára auk fimm varamanna til eins árs.

Vaktu með Kristi - VMK

ÆSKP hefur sett saman dagskrá fyrir æskulýðsfélög sem hafa áhuga á að vaka með Kristi, hugmyndin er að félögin geti boðið til gistinætur í kirkjunni frá skírdegi og fram á föstudaginn langa. Skjalið er aðgengilegt á heimasíðu ÆSKP.

Easter Course

Hið árlega Easter Course mun að þessu sinni fara fram 26.-28. mars, námskeiðið er á vegum European Fellowship. Í ár verður námskeiðið á netinu og yfirskriftin er: „Rethink“. Skráning á námskeiðið er enn opin og hvetjum við alla leiðtoga á aldrinum 18-30 ára að taka þátt.

Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Stefnt er að því að þingið fari fram 15.-16. maí. Þar sem þing síðasta árs var fellt niður, eiga þeir fulltrúar sem búið að var að velja sem fulltrúa á það þing áfram sætin sín, geti þeir nýtt þau. Samt sem áður hvetjum við aðildarfélögin til að tilnefna fulltrúa á þingið til síns prófast. Eins að undirbúa mál í tíma til að leggja fyrir þingið. Þetta verður 15 kirkjuþing unga fólksins.

Gleðigangan

ÆSKP mun taka þátt í gleðigöngunni í ár að venju. Hákon Darri leiðir verkefnið fyrir hönd ÆSKP. Gleðigangan fer fram 7. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í

viðburðinum og áhugasamir sem vilja taka þátt í undirbúningi atriðis ÆSKP ættu að setja sig í samband við Hákon Darra við fyrsta tækifæri.

Development meeting

Þar sem miklar breytingar hafa verið á störfum European Fellowship á síðustu árum er stefnt að halda auka skipulags og þróunarfundur í September til þess að fara í endurskilgreiningu og skipulagningu á starfi samtakana.

Hautnámskeið ÆSKP og ÆSKR

Í ár munum við fá fulltrúa frá Rauðakrossinum til að kenna okkur skyndihjálp. Námskeiðinu líkur með útgáfu skyndihjálparskirteinis sem gildir í tvö ár. Það er gífurlega mikilvægt að allir sem vinna með börnum og unglingum sækja skyndihjálpar námskeið reglulega.

Leiðtogskólinn

Reykjavík

Leiðtogaskólinn (áður Farskóli leiðtogaefna) er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Í ár eru 11 nemendur af höfuðborgarsvæðinu og frá Selfossi. Stefnt er að útskrift úr 24. mars næst komandi. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKR og Biskupsstofu.

Austurland

Leiðtogaskólinn á austurlandi hefst um miðjan mars og er kenndur í samstarfi ÆSKA og Biskupsstofu.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Landsmót verður haldið á Sauðárkróki í lok október. Lokadagsetning er væntanleg, en bæjarstjórn hefur lagt upp með að mótið fari fram í vetrarfríi grunnskólans, sem hefur ekki verið ákveðið. Þema mótsins í ár er í vinnslu. Við hvetjum alla áhugasama að gefa kost á sér í landsmótsnefnd en það er hún sem á veg og vanda að skipulagningu mótsins og framkvæmd.

Ef tækifæri skapast má vera að við bætum við viðburði, en einnig þarf að hafa í huga að dagskráin getur tekið breytingum eins og við höfum svo sannarlega lært á undanfögnu ári.